

Janúar 2006

Skýrsla um
AÐGENGI ALLRA AÐ VEFNUM

Arnar Pálsson, félagsmálaráðuneyti
Sigurður Davíðsson, forsætisráðuneyti

Útdráttur

Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, *Auðlindir í allra þágu*, var kynnt í mars 2004. Í henni er að finna eftirfarandi markmið:

Tryggt verði að rafræn þjónusta opinberra aðila taki mið af þörfum ólíkra hópa, s.s. blindra, sjónskertra og fatlaðra. Fyrirtæki verði hvött til að gera hið sama. Viðmið eða leiðbeiningar verði mótaðar af samráðshópi um stjórnarráðsvef í samráði við félagsmálaráðuneyti.

Skýrsla þessi er liður í því að ná ofangreindu markmiði.

Tryggja þarf að rafræn þjónusta opinberra aðila taki mið af þörfum ólíkra hópa, svo sem blindra, sjónskertra og fatlaðra. Stjórnarráðsvefurinn, vefir stofnana og sveitarfélaga þjóna breiðum hópi notenda sem hafa mismikla reynslu í notkun Netsins. Mikilvægt er því að uppbygging vefja og framsetning þeirra sé skýr og einföld.

Talið er að allt að 10% af íbúum Evrópu eigi við einhverskonar fötlun að stríða og eldri borgarar í Evrópu eru einnig stór hópur og vaxandi. Hætta er á að þessir hópar hafi ekki möguleika á að færa sér tæknina í nyt og verði afskiptir í upplýsingasamfélaginu. Við þessu þarf að bregðast til að ekki myndist gjá milli ólíkra hópa samfélagsins.

Alþjóðasamfélagið og þá sérstaklega hinn vestræni heimur hefur gefið aðgengismálum aukinn gaum á undanförunum árum. Bandarískar viðmiðunarreglur opinberra aðila og þær evrópsku eru byggðar á alþjóðlegum reglum um aðgengismál og Evrópusambandið hefur samþykkt að aðildarlöndin taki mið af þessum reglum.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki sett fram íslenskan gátlista eða reglur varðandi aðgengismál.

Sumarið 2005 var gerð úttekt á vefjum ríkis og sveitarfélaga. Niðurstöður liggja fyrir í skýrslu sem ber heitið „Hvað er spunið í opinbera vefi?“ Í skýrslunni kemur fram að aðgengi fatlaðra að vefjum ríkis og sveitarfélaga sé verulega ábótavant.

Að mati skýrsluhöfunda þarf að tryggja að rafræn þjónusta og vefir opinberra aðila á Íslandi standist alþjóðleg viðmið. Lagt er til að alþjóðlegu reglurnar um aðgengismál verði þýddar á íslensku og birtar á stjórnarráðsvefnum sem viðmiðunarreglur hins opinbera. Einnig er lagt til að opinberir aðilar verði hvattir til að marka sér stefnu í aðgengismálum fyrir árslok 2007 og að uppfylla alþjóðlegar lágmarkskröfur um aðgengi að vef eigi síðar en fyrir árslok 2008.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Inngangur	4
Staðan erlendis.....	4
Evrópusamstarf	6
Íslenskur gátlisti og vottun	7
Aðgengi að opinberum vefjum á Íslandi	7
Lagaumhverfi.....	8
Tillögur	8
Fylgiskjal I.....	10
Heimildaskrá.....	12

Inngangur

Stjórnarráðsvefurinn, vefir stofnana og sveitarfélaga þjóna breiðum hópi notenda og vinna við vefina og hönnun þeirra þarf að miðast við það. Notendur hafa mismikla reynslu í notkun Netsins og því er mikilvægt að uppbygging vefja og framsetning þeirra sé skýr og einföld. Talið er að allt að 10% af íbúum Evrópu eigi við einhvers konar fötlun að stríða og ætla má að verulegur hluti þeirra þarfnist sérstakrar aðstoðar eða hjálpartækja til að nýta sér vefinn svo vel sé. Einnig fjölgar eldri borgurum í Evrópu stöðugt. Árið 1990 var hlutfall þeirra sem eru eldri en 60 ára um 18% og er gert ráð fyrir að árið 2030 verði hlutfallið komið upp í 30% af íbúafjölda¹. Gefa þarf gaum að þörfum þessara hópa og gera vefina þannig úr garði að fólk með mismunandi þarfir eigi auðvelt með að nýta sér efni þeirra. Raunin er sú að flest af því sem talið er að auðveldi aðgengi fatlaðra að Netinu nýtist ekki síður öðrum almennum notendum. Er þá til dæmis átt við óörugga tölvunotendur, útlendinga sem eru búsettir á Íslandi og hafa ekki fullt vald á íslensku, einstaklinga með þroskafrávik og fleiri.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar *Auðlindir í allra þágu - Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007* segir meðal annars um aðgengismál:

Tryggt verði að rafræn þjónusta opinberra aðila taki mið af þörfum ólíkra hópa, s.s. blindra, sjónskertra og fatlaðra. Fyrirtæki verði hvött til að gera hið sama. Viðmið eða leiðbeiningar verði mótaðar af samráðshópi um stjórnarráðsvef í samráði við félagsmálaráðuneyti.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Til að stefnan nái fram að ganga þarf að taka tillit til margra þátta: Við gerð vefsíðna þarf að gæta þess að unnt sé að skoða þær þótt mismunandi tækni sé beitt. Til dæmis á ekki að skipta máli hvort notandi beitir mús, lyklaborði, rödd, sprota eða öðru þegar flakkað er um vefinn. Ganga þarf úr skugga um að allar síður séu skýrar og einfaldar svo auðvelt sé að átta sig á uppbyggingu þeirra. Það nýtist öllum notendum að samræmis sé gætt í framsetningu þeirra þátta sem setja svip sinn á vefinn. Skýrt og einfalt málfar sem um leið hæfir viðkomandi vef er líklegra til að ná til notenda sem einhverra hluta vegna eiga erfitt með að skilja flókinn texta. Þeir sem nota táknmál eiga einnig auðveldara með og eru fljótari að túlka það sem textinn segir ef hann er hnitmiðaður og skýr.

Hætta er á að ýmsir hafi ekki möguleika á að færa sér tæknina í nyt og verði afskiptir í upplýsingasamfélaginu ef ekkert er að gert. Við þessu þarf að bregðast til að ekki myndist gjá milli ólíkra hópa samfélagsins.

Staðan erlendis

Alþjóðasamfélagið og þá sérstaklega hinn vestræni heimur hefur gefið aðgengismálum aukinn gaum á undanförunum árum. Sum lönd hafa samið sértækar reglur eða lög til að tryggja fötluðum aðgengi að upplýsingasamfélaginu. Má þar til dæmis nefna *Section 508 of the Rehabilitation Act Amendments of 1998*² í Bandaríkjunum. Mörg Evrópulönd

¹ http://europa.eu.int/information_society/policy/accessibility/com_ea_2005/a_documents/com_details.html

² <http://www.section508.gov/>

hafa valið að fara þá leið að birta ákveðin viðmið sem opinberir aðilar þurfa að hafa í huga þegar þeir bjóða fram þjónustu sína á vefnum.

Slík viðmið eru birt á vef W3C/WAI (World Wide Web Consortium/Web Accessibility Initiative)³; *Web Content Accessibility Guidelines 1.0*⁴.



Mynd: Merki W3C

Á vefnum er að finna mjög ítarlegar útlistanir á kröfum um aðgengi allra að vefnum, svo sem ýmis forgangsröðuð viðmið, tækni sem þarf að beita og gátlista⁵ fyrir notagildi vefja. Ef vel á að vera þurfa opinberir vefir að taka mið af þessum kröfum eftir því sem kostur er. Viðmiðunarreglurnar tóku gildi árið 1999 en eru um þessar mundir í endurskoðun með tilliti til ábendinga notenda, nýrrar tækni og einfaldara málfars; sjá *Web Content Accessibility Guidelines 2.0*⁶ - WCAG 2.0 (Working Draft 19.11.04). Stefnt er að því að viðmiðunarreglur 2.0 taki gildi á fyrri helmingi ársins 2006.

Bæði bandarískar viðmiðunarreglur opinberra aðila og þær evrópsku eru byggðar á reglum W3C/WAI um aðgengismál og framkvæmdanefnd Evrópusambandsins hefur samþykkt að aðildarlönd taki mið af þessum viðmiðunarreglum.⁷ Fjöldi þjóða hefur þegar látið þýða viðmiðunarreglur W3C/WAI og má þar til dæmis nefna allar Norðurlandþjóðirnar að Íslandi einu undanskildu.⁸ Leiða má líkur að því að verði grunnreglurnar þýddar á íslensku veiti það þeim fyrr brautargengi hér á landi en ella. Benda má á að fæstar þjóðir hafa farið þá leið að þýða allar reglur og skýringar við þær, svo sem hvað varðar tækni heldur látið nægja að þýða aðeins grunnreglurnar⁹ en að öðru leyti vísað í frumtexta.



Mynd: Táknmyndir W3C/WAI fyrir staðfestingu á aðgengileika.¹⁰

Boðið er upp á staðfestingu á að vefur uppfylli stigvaxandi skilyrði W3C/WAI um aðgengi.¹¹ Viðmiðunarreglum er forgangsraðað í þrjá flokka: A, AA og AAA þar sem síðastnefndi flokkurinn táknar að öll viðmið hafi verið uppfyllt. Sum viðmiðin er unnt að athuga vélrænt en önnur byggjast á huglægu mati, svo sem að texti sé skýr og auðskilinn. Vefstjórar sjá sjálfir um úttekt á vefsíðum sínum og þegar þeir telja að vefsíða uppfylli ákveðin viðmið geta þeir birt á henni táknmynd, til dæmis WAI-AA, (sjá myndir hér að ofan) til að staðfesta að þessum viðmiðunum hafi verið náð og birt á viðkomandi síðu. Staðfestingin nær einungis til viðkomandi síðu en ekki til vefjarins alls nema það sé sérstaklega tekið fram. W3C/WAI ber enga ábyrgð á notkun annarra á

³ <http://www.w3.org/WAI>

⁴ <http://www.w3.org/TR/WCAG10>

⁵ <http://www.w3.org/TR/WCAG10/full-checklist.html>

⁶ <http://www.w3.org/TR/WCAG20>

⁷ http://europa.eu.int/information_society/policy/accessibility/web/wai_2002/a_documents/eaccess2002_web...

⁸ Danska þýðingin, svo dæmi sé tekið, er á <http://www.sensus.dk/wai-pageauthdk.htm>.

⁹ <http://www.w3.org/TR/WCAG10>

¹⁰ <http://www.w3.org/WAI/WCAG1-Conformance.html#level-A>

¹¹ <http://www.w3.org/WAI/WCAG1-Conformance.html>

táknmyndunum. Því er notkun á þeim vísbending um engin trygging fyrir því að viðkomandi vefur uppfylli ákveðin aðgengisskilyrði.

Evrópusamstarf

Um þessi mál fjallar einnig *eAccessibility Group*,¹² vinnuhópur í Brussel sem starfar undir eEurope Advisory Group. Fulltrúar félagsmálaráðuneytis og forsætisráðuneytis taka þátt í starfi hópsins en verksviði hans má gróflega skipta í þrennt:



1. *eAccessibility Group* á að fylgja aðgerðaáætlun eEurope í aðgengismálum, samræma verklag aðildarþjóða þegar kemur að því að meta frammistöðu þeirra í aðgengismálum og innleiðingu reglna W3C/WAI um aðgengi að vefsíðum.
2. *eAccessibility Group* á að stuðla að aukinni umræðu og meðvitund almennings um aðgengi fatlaðra og eldri borgara að upplýsingasamfélaginu.
3. *eAccessibility Group* á að sameina krafta aðildarlanda og skipuleggja samræmdar aðgerðir á milli aðildarlanda til að ryðja hindrunum úr vegi.

Ríki Evrópusambandsins hafa í auknum mæli farið þá leið að setja sérstök lög um aðgengi að vefnum. Nefna má að bæði Ítalir og Bretar hafa þegar sett slík lög. Þá hefur verið bent á að kostnaður við að gera síður WAI A-aðgengilegar (standast W3C/WAI viðmið A) hafi ekki kostnaðarauka í för með sér (e. cost-neutral) og því sé ekkert til fyrirstöðu að krefjast þess að vefsíður taki mið af því. Allt umfram það kemur hins vegar til með að hafa einhvern kostnað í för með sér og því er erfiðara að eiga við það. Einnig hefur verið bent á að það sé í rauninni ekki nægilegt að setja reglur um aðgengi því upplýsingatæknisérfræðingar séu ekki á hverju strái hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Þetta valdi því meðal annars að enginn tekur málið til sín og það dagar uppi og við því þurfi að bregðast. Á fundum *eAccessibility Group* hefur einnig verið ræddur sá möguleiki að taka upp nýtt embætti umboðsmanns aðgengismála, „Accessibility Ombudsman“ í Evrópusambandinu

Þá hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sett fram markmið um að gera upplýsingasamfélagið aðgengilegt öllum. Lagt er til að það verði byggt á þremur meginstöðum¹³:

1. *Aðgengi í innkaupum á vegum ríkisins*: Hið opinbera þarf að sýna gott fordæmi og setja sér markmið varðandi innkaup. Athugað verði hvort rétt sé að setja þau skilyrði að tæknibúnaður sem ríkið kaupir uppfylli viðmið um aðgengi fyrir alla.
2. *Vottun og mat*: Athugað verði hvort ekki sé rétt að bjóða upp á vottun á búnaði og þjónustu með tilliti til aðgengismála.
3. *Könnun á lagaumhverfi*: Kanna þarf hvernig löggjöf styður best við að tryggja aðgengi fyrir alla að rafrænni þjónustu.

Samkvæmt breskri könnun frá því í júní 2005, *eAccessibility of public sector services in the European Union*¹⁴ gengur hægt hjá opinberum stofnunum að framfylgja reglum

¹² http://europa.eu.int/information_society/policy/accessibility/web/index_en.htm

¹³ http://europa.eu.int/information_society/policy/accessibility/com_ea_2005/index_en.htm

¹⁴ <http://www.cabinetoffice.gov.uk/e-government/resources/eaccessibility/index.asp>

Evrópusambandsins um aðgengi fyrir alla. Í könnuninni kemur fram að um 70% opinberra vefja aðildarlanda Evrópubandalagsins fá falleinkunn.¹⁵

Íslenskur gátlisti og vottun

Íslensk stjórnvöld hafa ekki sett fram íslenskan gátlista eða reglur varðandi aðgengismál. Þrátt fyrir það hafa ýmsar stofnanir og fyrirtæki sýnt þessum málum áhuga og reynt að gera vefi sína eins aðgengilega og kostur er. Ráðuneytin hafa til dæmis undanfarin ár tekið tillit til gátlista W3C/WAI í vefvinnslu sinni svo og í vali á vefhugbúnaði. Að undanförnu hefur Öryrkjabandalag Íslands¹⁶ verið í samstarfi við fyrirtækið SJÁ ehf.¹⁷ um að gera vefi fyrirtækja og stofnana aðgengilega fyrir alla. Úr samstarfi þessara aðila hefur orðið til íslenskur gátlisti um aðgengismál sem tekur mið af grunnreglum W3C/WAI en gengur að sumu leyti lengra.



Mynd: Tákmynd ÖBÍ og SJÁ fyrir vottun um gott aðgengi.¹⁸

Íslenski gátlistinn tekur að einhverju leyti tillit til sérstakra íslenskra aðstæðna. Hann hefur til dæmis verið prófaður á notendum með margs konar fötlun, meðal annars lesblindum og heyrnarskertum notendum. Þá er miðað við þann tækjabúnað sem algengastur er á Íslandi, svo sem skjálesara. Vottun er veitt fyrir að hafa náð að uppfylla forgang I, II eða III um aðgengi.

Gátlistinn hefur þegar verið kynntur ýmsum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Nokkrir vefir hafa þegar fengið sérstaka aðgengisvottun. hjá SJÁ ehf. og Öryrkjabandalagi Íslands. Vottuninni er fylgt eftir af SJÁ og fyrirtækin skuldbinda sig til að standa undir vottun í tiltekinn tíma. Eftirfylgnin og eftirlit er meira en hjá W3C/WAI enda sjá vefstjórar þar sjálfir um úttekt og staðfestingu á aðgengi að eigin vefjum.

Aðgengi að opinberum vefjum á Íslandi

Vorið 2005 var gerð úttekt á vefjum ríkis og sveitarfélaga en þetta er í fyrsta skipti sem úttekt af þessari stærðargráðu er gerð á Íslandi. Niðurstöður úttektarinnar liggja fyrir í skýrslu sem ber heitið „Hvað er spunið í opinbera vefi?“¹⁹ Skoðaðir voru 246 vefir og þeir metnir með tilliti til rafrænnar þjónustu, innihalds, nytsemi og aðgengis. Í skýrslunni kemur fram að aðgengi fatlaðra að vefjum ríkis og sveitarfélaga er verulega ábótavant.

Ljóst er að aðgengi fatlaðra að rafrænni þjónustu hefur sífellt meira vægi, sérstaklega þegar kemur að þjónustu hins opinbera á vefjum sínum. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að möguleika á litabreytingum í texta og bakgrunni er ábótavant; myndatenglar, töflur og PDF-skjöl eru einnig oft á tíðum ekki rétt skilgreind fyrir skjálesara.

¹⁵ http://www.cabinetoffice.gov.uk/e-government/resources/eaccessibility/exec_brief/performance.asp

¹⁶ <http://www.obi.is/>

¹⁷ <http://www.sja.is/>

¹⁸ <http://sja.is/?i=23>

¹⁹ http://www.forsætisraduneyti.is/upplýsingasamfelagid/Utgefid_efni/nr/2064

Í auknum mæli er boðið upp á að stækka letur á vefsíðum en það nýtist vel sjónskertum netnotendum þó það einskorðist ekki aðeins við þá. Á vefjunum sem teknir voru út í skýrslunni „Hvað er spurnið í opinbera vefi?“ kom þó fram að boðið væri upp á þessa virkni aðeins í 19% tilvika.

Aðlögun lita í bakgrunni og letri á vefsíðum getur gert gæfumuninn fyrir sjónskerta og lesblinda notendur. Fram kemur í skýrslunni að algengt sé að bjóða upp á gult letur eða hvítt á dökkbláum grunni fyrir sjónskerta eða lesblinda notendur. 91% stofnana bjóða ekki upp á þetta og einungis 4% bjóða notendum upp á að breyta lit á bakgrunni og letri.

Lagaumhverfi

Starfshópur um aðgengi fyrir alla²⁰ var skipaður í samræmi við þingsályktun um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla sem Alþingi samþykkti þann 15. mars 2003²¹ og er nú starfandi. Starfshópurinn hefur meðal annars það hlutverk að semja framkvæmdaáætlun sem hefur það markmið að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Í því felst til dæmis að skoða hvaða lög og reglugerðir fjalla um aðgengi og hversu vel þau tryggja aðgengi fyrir alla. Hópurinn hefur unnið að samantekt um aðgengismál í víðasta samhengi. Einn af þeim þáttum sem fjallað er um er aðgengi að Netinu.

Tillögur

Að mati skýrsluhöfunda þarf að tryggja að rafræn þjónusta opinberra aðila taki mið af þörfum ólíkra hópa. Vefi opinberra aðila þarf að gera þannig úr garði að þeir standist alþjóðleg viðmið og séu aðgengilegir öllum. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir þjóðfélagið í heild sinni og nauðsynlegt er að grípa þegar til ráðstafana og vekja þannig athygli á mikilvægi aðgengismála.

Eftirfarandi er lagt til:

1. Viðmiðunarreglur W3C um aðgengismál, *Web Content Accessibility Guidelines 2.0*, (*WCAG 2.0*)²² ásamt fylgiskjöllum svo sem gátlista (e. *Checklist of Checkpoints*) og snjallráðum (e. *Quick Tips*)²³ verði þýddar á íslensku um leið og þær taka gildi (á fyrri hluta árs 2006 ef áætlanir standast)²⁴ og birtar á stjórnarráðsvefnum. Tryggt verði að þýðingin verði ávallt uppfærð.
2. Opinberir aðilar verði hvattir til að marka sér stefnu í aðgengismálum (sjá fylgiskjal I) fyrir árslok 2006.
3. Stefnt verði að því að opinberir aðilar uppfylli lágmarkskröfur WCAG 2.0 um aðgengi að vef eigi síðar en fyrir árslok 2007. Þar til WCAG 2.0 reglurnar hafa tekið gildi verði núverandi reglur, WCAG 1.0, notaðar til viðmiðunar.
4. Sett verði upp viðmið og leiðbeiningar á sérstakri aðgengissíðu.²⁵ Þar verði jafnframt safnað saman algengum spurningum og svörum eftir því sem þurfa þykir

²⁰ <http://felagsmalaraduneyti.is/raduneyti/nefndir-rad-stjornir/nr/1352>

²¹ <http://www.althingi.is/altxt/128/s/0172.html>

²² <http://www.w3.org/TR/WCAG20/complete.html>

²³ <http://www.w3.org/WAI/References/QuickTips>

²⁴ <http://lists.w3.org/Archives/Public/w3c-wai-ig/2005OctDec/0188.html>

²⁵ <http://utvefur.is/adgengi>

- og notendum gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum um það sem betur má fara með tilliti til aðgengis.
5. Ofangreindar reglur og viðmið verði kynnt sem víðast, svo sem með auglýsingum, útgáfu kynningarrita og bæklinga sem auðveldlega má dreifa og koma á framfæri, til dæmis í skólum og á fundum og ráðstefnum.
 6. Fyrirtæki verði hvött til að taka mið af viðmiðunum hins opinbera og marka sér stefnu í aðgengismálum samkvæmt fylgiskjali I .
 7. Opinberir aðilar verði hvattir til að koma sér upp þekkingu á aðgengismálum eða til að nýta sér þjónustu fyrirtækja og sérfræðinga í aðgengismálum, meðal annars varðandi ráðgjöf og úttektir á vefjum sínum.
 8. Þess verði gætt þegar gæði rafrænnar þjónustu og útbreiðsla eru könnuð að slík könnun nái einnig til þeirra þátta er varða aðgengismál.
 9. Viðræður verði teknar upp við Ríkiskaup í því skyni að móta reglur um að innkaup á vegum ríkisins uppfylli kröfur stjórnvalda um gott aðgengi að vefnum fyrir alla.
 10. Farið verði fram á að þeir hugbúnaðarseljendur sem hið opinbera skiptir við geri grein fyrir því hvernig hugbúnaður þeirra kemur til móts við kröfur W3C um hugbúnað, *Checklist of Checkpoints for Authoring Tool Accessibility Guidelines 1.0* (ATAG 1.0 eða nýrra)²⁶ um aðgengileika og þeir hvattir til þess að endurbæta búnað sinn ef þörf krefur.

²⁶ <http://www.w3.org/TR/ATAG10/atag10-chktable.html>

Fylgiskjal I

Leiðbeiningar fyrir stefnumótun

Meðal annars byggt á: <http://www.w3.org/WAI/impl/Overview.html> og <http://www.w3.org/WAI/impl/pol>

Um þetta skjal

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að gera vef stofnunar aðgengilegan öllum er mikilvægt að íhuga hvernig haga skuli ferlinu. Í skjalinu eru settir fram leiðbeiningar fyrir stofnanir og fyrirtæki.

Mikilvægt er að koma á laggirnar hópi innan stofnunar eða fyrirtækis sem fjallar sérstaklega um aðgengismál. Ef t.d. vefstjórn er þegar starfandi er vænlegt að bæta aðgengismálum á verkefnalista hennar. Gera þarf frumathugun á stöðunni hvað varðar aðgengi allra að vef, meðal annars með því að gera úttekt á stöðu vefs með tilliti til aðgengis fyrir alla en einnig með tilliti til vefumsjónarkerfis, skrifstofuhugbúnaðar, PDF-skrifara og þess háttar. Meta þarf hvaða úrlausnir eru mögulegar á þeim vandamálum sem kunna að koma í ljós (til dæmis lagfæringar á vef, skipti á hugbúnaði, endurmenntun, endurhönnun á vef og svo framvegis). Ákveða þarf hvernig reglulegu mati á aðgengileika vefjar verður háttað. Vefumsjónarmenn þurfa að hafa aðgang að þeim verkfærum sem nauðsynleg eru, svo sem gátlistum af ýmsu tagi, prófunarhugbúnaði, PDF-skrifara og upplýsingar um aðgengismál þurfa að vera tiltækar.

Marka þarf skriflega stefnu í aðgengismálum, kynna hana starfsmönnum og setja á vef stofnunarinnar. Stefnan í aðgengismálum þarf að vera áberandi og öllum ljós.

Það sem hafa þarf í huga varðandi stefnumótun:

- Þess þarf að gæta að tilvísun í viðmiðunarreglur verði skýrar þannig að óyggjandi sé í hvaða reglur er vísað.
- Tilgreina þarf að hvaða aðgengisstigi er stefnt.
- Nauðsynlegt er að setja fram fyrir hvaða tíma tilteknu aðgengisstigi á að vera náð. Tímamarkmiðum má einnig skipta upp í heppilega áfanga.
- Tilgreina þarf til hvaða hluta vefjar stefnuyfirlýsing nær.
- Tilgreina þarf stefnu gagnvart efni frá þriðja aðila.
- Huga þarf að því hvernig þjálfun starfsfólks og námskeiðahaldi verður háttað.
- Tilgreina þarf hvernig merkja beri síður eða vefflokka sem uppfylla kröfur stofnunar um aðgengi.
- Tilgreina þarf hvernig staðið skuli að eftirliti með vefsvæði. Fylgja þarf eftir endurbótum á síðum eða efnisflokkum sem ekki uppfylla kröfur um aðgengi.

Dæmi um stefnuyfirlýsingu stofnunar um aðgengi allra að vefnum:

Xstofnun hefur einsett sér að gera vef sinn aðgengilegan fötluðum. Stefnt er að því að allt efni á vef stofnunarinnar *frá árinu 2002* muni a.m.k standast viðmiðunarreglur **WCAG 2.0** af gerð **A** fyrir **1. júlí 2007**. Jafnframt mun *eldra efni* sem talið er mikilvægt eða er mikið sótt í standast sömu viðmið. Þess verður gætt að nýtt efni sé í samræmi við yfirlýsta stefnu sem birt er á vefnum.

Komið verður á fót gæðaeftirliti með það að markmiði að tryggja að vefur stofnunarinnar uppfylli ávallt þau markmið sem stofnunin hefur sett sér. Þess verður krafist að efni frá þriðja aðila uppfylli kröfur stofnunarinnar um aðgengi fyrir alla. Jafnframt verður farið fram á að hugbúnaðarsalar sem stofnunin skiptir við geri grein fyrir því hvernig búnaður þeirra tekur tillit til krafna um aðgengismál.

Þeir efnisflokkar vefjar okkar sem uppfylla aðgengisstefnu *Xstofnunar* eru merktir sérstaklega með eftirfarandi texta eða krækju í hann: Þessi efnisflokkur uppfyllir kröfur **WCAG 2.0** af gerð **A** um aðgengi.

Séð verður til þess að starfsfólk fái þá þjálfun sem til þarf miðað við starf sitt og hlutverk. Boðið verður upp á endurmenntun eftir því sem kröfur um aðgengi breytast eða ný tækni kemur fram. Þetta verður meðal annars gert með því að koma upp sérstakri upplýsingasíðu um aðgengismál.

Stofnunin mun endurskoða stefnu sína reglulega í því skyni að uppfylla enn betur kröfur um aðgengi allra að vefnum.

Nánari upplýsingar:

Developing Organizational Policies on Web Accessibility: <http://www.w3.org/WAI/impl/pol>
Implementation Plan for Web Accessibility: <http://www.w3.org/WAI/impl/Overview.html>
Authoring Tool Accessibility Guidelines 1.0: <http://www.w3.org/TR/ATAG10>
Conformance Evaluation to WCAG 1.0: <http://www.w3.org/WAI/eval/#eval>
Developing Organizational Policies on Web Accessibility: <http://www.w3.org/WAI/impl/pol.html>
Evaluating Web Sites for Accessibility: <http://www.w3.org/WAI/eval>
Evaluation, Repair, and Transformation Tools: <http://www.w3.org/WAI/ER/existingtools.html>
Executive Briefing on Web Accessibility: <http://www.w3.org/WAI/training/cr#implementation>
FAQ on Authoring Tool Accessibility Guidelines: <http://www.w3.org/2000/02/ATAG-FAQ>
On-going monitoring of Web site accessibility: <http://www.w3.org/WAI/eval/#ongoing>
Planning Web Accessibility Training: <http://www.w3.org/WAI/training>
Policies Relating to Web Accessibility: <http://www.w3.org/WAI/Policy>
Preliminary Review: <http://www.w3.org/WAI/eval/#prelim>
Selecting Authoring Tools for Accessible Web Sites: <http://www.w3.org/WAI/impl/software.html>
Techniques for Web Content Accessibility Guidelines 1.0: <http://www.w3.org/TR/WCAG10-TECHS>
Template for Accessibility Evaluation Reports: <http://www.w3.org/WAI/eval/template.html>
Web Content Accessibility Guidelines 1.0: <http://www.w3.org/TR/WCAG10>
Web Content Accessibility Guidelines 2.0: <http://www.w3.org/TR/WCAG20>

Heimildaskrá

1. http://europa.eu.int/information_society/policy/accessibility/com_ea_2005/a_documents/com_details.html
2. <http://www.section508.gov/>
3. <http://www.w3.org/WAI>
4. <http://www.w3.org/TR/WCAG10>
5. <http://www.w3.org/TR/WCAG10/full-checklist.html>
6. <http://www.w3.org/TR/WCAG20>
7. http://europa.eu.int/information_society/policy/accessibility/web/wai_2002/a_documents/eaccess2002_web...
8. <http://www.sensus.dk/wai-pageauthdk.htm>
9. <http://www.w3.org/TR/WCAG10>
10. <http://www.w3.org/WAI/WCAG1-Conformance.html#level-A>
11. <http://www.w3.org/WAI/WCAG1-Conformance.html>
12. http://europa.eu.int/information_society/policy/accessibility/web/index_en.htm
13. http://europa.eu.int/information_society/policy/accessibility/com_ea_2005/index_en.htm
14. <http://www.cabinetoffice.gov.uk/e-government/resources/eaccessibility/index.asp>
15. http://www.cabinetoffice.gov.uk/e-government/resources/eaccessibility/exec_brief/performance.asp
16. <http://www.obi.is/>
17. <http://www.sja.is/>
18. <http://sja.is/?i=23>
19. http://www.forsaetisraduneyti.is/upplysingasamfelagid/Utgefid_efni/nr/2064
20. <http://felagsmalaraduneyti.is/raduneyti/nefndir-rad-stjornir/nr/1352>
21. <http://www.althingi.is/altext/128/s/0172.html>
22. <http://www.w3.org/TR/WCAG20/complete.html>
23. <http://www.w3.org/WAI/References/QuickTips>
24. <http://lists.w3.org/Archives/Public/w3c-wai-ig/2005OctDec/0188.html>
25. <http://utvefur.is/adgengi>
26. <http://www.w3.org/TR/ATAG10/atag10-chktable.html>